

Borgarbyggð
Póra Margrét Júlíusdóttir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 17. mars 2023
UST202302-127/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 og deiliskipulagi fyrir Niðurskóg Húsafelli 3

Vísað er til erindis skipulagskipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 9. febrúar þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 og deiliskipulagi fyrir Niðurskóga í Borgarbyggð.

Í greinargerð kemur fram breytingin á aðalskipulaginu gengur út á að stækka frístundasvæðið F127 í Niðurskógum um 2520 m² og minnkar opið svæði O34 sem því nemur. Auk þess er gerð breyting á deiliskipulagi fyrir Niðurskóga sem tekur til lóðar við Hraunbrekkur 34 og felur í sér að byggingarreitur lóðarinnar er stækkaður og hliðrað til vesturs. Heimilað byggingarmagn er aukið úr 150 m² í 230 m². Með breytingunni fellur áætlað frístundahús betur að landslagi og gróðurfari svæðisins að mati sveitarfélagsins.

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að á svæðinu er kjarrskógavist sem er með hátt verndargildi og er hún á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í kjarrskógavist getur verið ríkulegt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundir eins og skógarþröstur, þúfutittlinga, hrossagaukur, rjúpa og músarrindill nýti slíka vistgerð til varps.

Náttúruminjaskrá er í gildi

Í 2. tl. laga til bráðabirgða við náttúruverndarlög nr. 60/2013 er mælt fyrir um að þar til ráðherra gefur út náttúruminjaskrá skv. 33. gr. skal gildandi náttúruminjaskrá halda gildi sínu en um minjar á skránni, aðrar en þær sem eru friðlýstar skal fara samkvæmt ákvæðum 67. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, þar til endurmat verndargildis þeirra minja hefur verið lokið.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið á skipulagssvæðinu nýtur sérstakrar verndar og fellur því undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.¹

Ekki er fjallað um hraunið í gildandi deiliskipulagi, sem er frá árinu 2003, en fjallað er um hraunið í aðalskipulagsbreytingunni sem hér er til umfjöllunar, en það er

¹ <https://serstokvernd.ni.is/>

mikilvægt að það komi fram að hraunið falli undir ofangreind ákvæði náttúruverndarlaga.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Að mati Umhverfisstofnunar mun skipulagstillagan valda óafturkræfu raski hrauninu og hafa því neikvæð á það.

Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu, en eins og tillagan er sett fram virðast einungis einkahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga að koma fram í tillögnum hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt.

Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd.

Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur